

Rafræn vöktun

Eftirfarandi er fræðsla og upplýsingar um notkun eftirlitsmyndavéla hjá Vinnslustöðinni hf. og dótturfyrirtækjum Vinnslustöðvarinnar (hér eftir „VSV“)

1. ÁBYRGÐARAÐILI VÖKTUNARINNAR

Vinnslustöðin hf., Hafnargötu 2, 900 Vestmannaeyjum. Sími 488 800. Netfang: abendingar@vsv.is.

2. TILGANGUR VÖKTUNARINNAR

Tilgangur með rafrænni vöktun er að tryggja öryggi á athafnasvæði og hafa eftirlit vegna eðli þeirrar starfsemi fram fer á athafnasvæði VSV. Þá er tilgangurinn með vöktun jafnframt sú að verja eignir og hagsmuni VSV svo og að hafa eðlilegt eftirlit með störfum starfsmanna.

3. HEIMILD TIL VINNSLU

Vöktun fer fram til að gæta lögmætra hagsmuna VSV af öryggis- og eignavörslu og til vöktunar búnaðar.

4. TEGUNDIR PERSÓNUUPPLÝSINGA

Myndavélar í beinu streymi eru hugsaðar til að auðvelda starfsfólki og stjórnendum að hafa yfirsýn yfir starfssvæði.

Upptökur geta verið notaðar til að:

- Greina orsakir frávika er lúta að öryggi (slysa, næstum-slysa og annarra frávika) og eignavörslu, bæði hvað varðar búnað og starfsfólk, til að unnt sé að koma í veg fyrir að þau endurtaki sig.
- Ef grunur vaknar um refsiverða háttsemi.
- Greina orsakir tjóns á eignum og búnaði, í því skyni að draga úr slíku tjóni í framtíðinni.
- Greina frammistöðu búnaðar eða bilanaorsakir.

5. VIÐTAKENDUR

Aðeins þeir sem þurfa nauðsynlega að vinna með upplýsingar úr eftirlitsmyndavélum hafa aðgang að upplýsingum úr þeim og aðeins vegna starfsemi VSV. Myndefni úr eftirlitsmyndavélum skal ekki skoðað nema brýn ástæða þyki til. Efni með upplýsingum um slys eða refsiverðan verknað getur jafnframt verið

afhent lögreglu. Einnig getur efni verið afhent tryggingafélagi sé það nauðsynlegt vegna tryggingamáls. Sjá að öðru leyti 5. og 10.gr reglna nr 50/2023 um rafræna vöktun.

6. VARÐVEISLUTÍMI MYNDEFNIS

Myndefni skal varðveitt á tölvudisk. Myndefni úr eftirlitsmyndavélum er varðveitt í allt að 15 daga. Að því búnu eyðist það sjálfkrafa út úr kerfinu. Þó geta upptökur verið varðveittar lengur sé það nauðsynlegt til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja. Einnig er myndefni geymt ef það er talið að geta nýst í fræðslu til þess að auka öryggi starfsfólks og verktaka. Notkun slíks myndefnis er einungis gert með skriflegu samþykki þeirra sem birtast á því og hafa viðkomandi aðilar alltaf rétt til þess að afturkalla samþykki sitt.

7. RÉTTINDI EINSTAKLINGA

Þú átt rétt á að skoða myndefni þar sem þú sést. Einnig áttu rétt á að fá afrit af slíku myndefni að því gefnu að það skerði ekki réttindi og frelsi annarra. Að öðru leyti fer um réttindi þín samkvæmt III. kafla laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. nánar ákvæði í III. kafla reglugerðar (ESB) 2016/679.

8. RÉTTUR TIL AÐ LEGGJA FRAM KVÖRTUN HJÁ PERSÓNUVERND:

Þeir sem sæta rafrænni vöktun eiga rétt á að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd ef þeir telja að vinnsla persónuupplýsinga þeirra gangi gegn persónuverndarlögum.

Starfsmenn eru hvattir til að koma á framfæri ábendingum (nafnlaust) um hvað eina sem starfinu eða fyrirtækinu tengist á netfangið abendingar@vsv.is.